

Náttúrustofa Suðurlands

Stjórnarfundur í Náttúrustofu Suðurlands haldinn í setrinu 06.10.2022 kl.16.


Mættir voru stjórnarmenn Viktor Ragnarsson, Ragnheiður Sveinþórsdóttir, Örn Friðriksson og forstöðumaður stofunnar Erpur Snær Hansen.


Fundarritari Örn Friðriksson.


Formaður stjórnar Örn setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.


1. Umræður um fjárhagstöðu. Farið var yfir fyrstu níu mánuði. Kom í ljós að tekjur virðast ekki hafa skilað sér sem skildi að mati forstöðumanns. Formanni falið að fara yfir málið með starfsmönnum bæjarins. Jafnframt þarf að skoða hvort flokkun á tekjum sé rétt. Þá var formanni falið kanna hvernig bærinn meðhöndlaði hagnað af rekstri stofunnar.
2. Erpur fór yfir rannsóknir sem unnið var að í sumar. Fór hann sérstaklega yfir gróðurrannsóknir sem unnið er að. Einnig sagði hann okkur öðrum rannsóknum sem unnið er að hjá Náttúrustofu Suðurlands.
3. Farið var yfir það með Erp hvað hann sæi fyrir sér með starfsmannafjölda á næsta ári. Reiknar hann með Rodrigo og tveimur stúlkum í sumar í gróðurrannsóknir. Ath., með mótframlag frá bænum á móti Nýsköpunarsjóði námsmanna. Vegna svölurannsóknna (900) laun þessa fólks. Þá taldi Erpur það að áframhald yrði á lundaralli.
4. Forstöðumaður var spurður hvort einhver ný verkefni væru til skoðunar eða hvort við gætum fundið og fjármagnað? Erpur Svaraði því á þann veg að hann væri í raun með næg verkefni.
5. Önnur mál. Erpur bað um leifi til að gefa Náttúrufræðistofnun Íslands smásjá sem er ekki notuð hjá náttúrustofu Suðurlands. Samþykkti stjórnin það.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.17:00


Örn Friðriksson


Ragnheiður Sveinþórsdóttir


Viktor Ragnarsson


Erpur Snær Hansen